

<b>Fundarnúmer:</b>	79
<b>Dagsetning:</b>	07.05.2008
<b>Tími:</b>	16:30
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

79. fundur Menningar- og tómsundaráðs miðvikudaginn 7. maí 2008 kl. 16.30.

#### **Dagskrá fundar:**

- Skýrsla bókasafns
- Umsögn menningar- og tómsundarráðs um frístundarkort
- Önnur mál

Forstöðumaður bóka og skjalasafns fór yfir ársskýrslu safnsins sem fylgir hér með.

Nefndin ítrekar við sveitastjórn að leita úrbóta fyrir geymslu safnsins og betri vinnuáðstöðu vegna skjalasafns eins og minnst er á í fundargerð 31.10.2007. Þarfagreining væri æskileg í samráði við forstöðumann.

Bókasafnið fékk á dögnum höfðinglega peningagjöf til að kaupa sýningaskáp fyrir muni. Gefandi óskaði nafnleyndar en safnvörður brást skjótt við og pantaði skápinn og kann gefanda bestu þakkir fyrir.

Bókasafnsvörður vék af fundi kl 17.08

Umsögn Menningar- og tómsundaráðs varðandi frístundarkort.

Lagðar fram tillögur frá sveitarstjórn annars vegar og Oddi Sigurðarsyni hins vegar.

Nefndin leggur til eftirfarandi:

Iðkandi skal eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og vera á grunnskólaaldri.

Styrkurinn skal nýtast til skipulagðs íþrótt- og æskulýðsstarfs í Húnaþingi vestra.

Styrkurinn getur numið allt að 10.000 krónum, vegna þátttökugjalda hvers barns á tímabilinu 1. september 2008 til 31. ágúst 2009.

Að það nái til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómsundastarfs sem stendur í 6 vikur eða lengur og tímabundin námskeið að uppfylltum skilyrðum, þó svo þau séu á skemmri tíma en 6 vikum. Sem dæmi um slík námskeið mætti nefna reiðnámskeið, siglinganámskeið, sundnámskeið, dansnámskeið og fl. Styrkurinn getur náð til allrar frístundaiðkunar þ.m.t. tónlistar- og listnáms. Styrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

Sú starfssemi sem styrkurinn nær til skal vera viðurkennd af sveitarstjórn. Þau félög sem fyrir henni standa skulu hafa gert samning við sveitarstjórn þar að lútandi. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarstjórnar.

Heimilt er að framvísa fleiri en einni greiðslukvittun vegna þátttökugjalda. Framkvæmd notkunar frístundakortsins verður þannig að foreldrar greiða fyrir námskeið sem falla undir ofangreindar reglur og koma með kvittun á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem þeir fá endurgreiddar allt að 10.000 kr til niðurgreiðslu á frístundastarfi barna sinna.

Nefndin fagnar þessum áfanga að taka eigi upp þennan stuðning við heimilin en vill gjarnan að það álit hennar komi fram að sveitarfélagið Húnaþing vestra miði styrkfjárhæðina hverju sinni við sambærilegar greiðslur í nágrennasveitarfélögunum t.d greiðir Skagaströnd 15.000.- Einnig teljum við mikilvægt að endurskoðun fari fram að ári liðnu í samráði við forsvarsmenn æskulýðs- og tómsundastarfs í héraðinu.

Einnig viljum við beina því til sveitarstjórnar hvort hægt sé að leita leiða við framkvæmd þessa til þess að styrkurinn nýtist foreldrum að fullnustu.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 19.00.

Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir(sign.), Kolbrún Stella Indriðadóttir(sign.),

Már Hermannsson(sign.), Sveinn Benónýsson(sign.),  
Sæunn V. Sigvaldadóttir(sign.), Pétur Arnarsson(sign.).